



Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum

Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna

Höfundar: Hrefna Friðriksdóttir og Anni G. Haugen
Reykjavík: Bókaútgáfan Codex, 2014
57 bls. ISBN 978-9935-436-38-2



Ritið *Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna* er unnið að frumkvæði Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum. Vitundarvakning um ofbeldi gegn börnum er verkefni á vegum innanríkisráðuneytisins,

mennta- og menningarmálaráðuneytisins og velferðaráðuneytisins, og var því komið á fót eftir fullgildingu Lanzarote-samningsins hér á landi. Sá samningur fjallar um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu barna. Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni var með sérstökum samningi falið að útbúa fræðslufni fyrir réttarkerfið um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Þær Anni G. Haugen, lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, og Hrefna Friðriksdóttir, dósent í lögfræði við Háskóla Íslands, unnu að gerð fræðslufnisins af hálfu stofnunarinnar.

Fræðslufnið skiptist í tvo hluta þar sem annars vegar er fjallað með almennum hætti um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hins vegar lögð áhersla á að kortleggja samspil þeirra mismunandi aðila sem bera ábyrgð á meðferð mála um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Ritinu er ætlað að gefa markvisst og handhægt yfirlit yfir meginreglur alþjóðasamninga og hvernig þær fléttast saman við helstu aðgerðir sem ólíkir aðilar innan réttarkerfisins grípa til við meðferð mála um kynferðisofbeldi gegn börnum.

Í fyrri hluta er farið yfir skilgreiningar á kynferðislegu ofbeldi gegn barni, viðbrögð eða hegðun barns

meðan ofbeldi varir, einkenni barns í kjölfar kynferðisofbeldis og langvarandi afleiðingar. Þá er fjallað um hvað við er átt með réttarkerfi, sem ber ábyrgð á að gripið sé til nauðsynlegra og viðeigandi ráðstafana til að tryggja öryggi barns, rannsaka og upplýsa hvað gerðist, veita barni og fjölskyldu þess aðstoð og meðferð, og einnig að grípa til nauðsynlegra og viðeigandi ráðstafana gagnvart geranda. Stofnanir í réttarkerfinu eru barnaverndaryfirvöld, lögregla og ákærvald auk dómstóla. Þessar stofnanir þurfa að vinna samhliða að meðferð mála um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og er samvinna lykilatriði til að tryggja árangur og góð vinnubrögð. Farið er yfir alþjóðasamninga, barnvænna nálgun og sett fram leiðarljós sem snúa að hagsmunum barns, öryggi, skilvirkni og samstarfi aðila innan refsivörslukerfisins. Leiðarljósin fjögur eru sem rauður þráður í gegnum allt ritið og sett fram á myndrænan hátt auk umfjöllunar í texta.

Seinni hluti ritsins snýr að meðferð máls og er þar leitast við að kortleggja samspil barnaverndarkerfisins, lögreglu, ákærvalds og dómara. Rætt er um hlutverk barnaverndarnefndar, lögreglu og neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis út frá leiðarljósunum fjórum. Farið er yfir hið hliðstæða ferli sem fram fer á vegum barnaverndarnefndar og lögreglu. Umfjöllun snýr að því hver kemur að könnun og rannsókn máls, þ.e. ákvörðun, markmiði, framkvæmd og lokum. Rætt er um úrræði og aðgerðir á rannsóknarstigi og í kjölfar rannsókna, bæði því sem snýr að barnaverndarnefnd og lögreglu.


Höfundar byggja á fræðilegum heimildum og tengja efni sitt alþjóðlegum samningum sem Íslendingar hafa undirgengist og þar með heitið því að gera allar viðeigandi ráðstafanir, meðal annars á sviði löggjafar, stjórnslu og barnaverndar, til að vernda börn gegn hvers kyns ofbeldi, og stuðla jafnframt að líkamlegum og sálrænum bata barns sem orðið hefur fyrir ofbeldi. Fræðslufnið er sett fram á aðgengilegan hátt og hefur höfundum tekist ætlunarverk sitt, að gefa markvisst og handhægt yfirlit yfir málsmeðferð í þessum viðkvæma málaflokki. Ritið á því erindi við verðandi og starfandi félagsráðgjafa og aðrar fagstéttir sem vinna í réttarvörslukerfinu á Íslandi.

Steinunn Bergmann

Fyrstu 1000 dagarnir

Barn verður til

Höfundur: Sæunn Kjartansdóttir
 Reykjavík: Mál og menning, 2015.
 232 bls. ISBN: 978-9979-3-3514-6



Hér er komin vönduð bók á íslensku um þarfir ungra barna og hlutverk foreldra. Bókin er bæði falleg og fagleg og skrifuð beint til foreldra á Íslandi, en hún á ekki síður erindi til fagfólks eins og félagsráðgjafa sem vinna með börnum og foreldrum. Það má hrósa útgáfunni Máli og menningu fyrir hversu vel hefur tekist

til með útgáfuna, allan búning bókarinnar og hversu aðgengileg hún er. Það er sama hvort það er liturinn, formið, framsetningin eða myndirnar, allt styður þetta og fer einstaklega vel við sjálfan textann sem er léttilega skrifður, þótt hann sé um grafalvarlegt mál – umönnun og velferð ungbarna. Um leið og byggt er á traustum fræðagranni er allt yfirbragð bókarinnar sveipað léttleika, meðal annars með skemmtilegum og lifandi myndum Bergrúnar Írisar Sævarsdóttur. Bókin skiptist í 25 stutta kafla sem spanna flest af því sem ungbarnaforeldrar þurfa að takast á við. Efnisyfirlitið gefur skýra mynd af innihaldi kaflanna svo að auðvelt er að nota bókina sem handbók.

Höfundur nýtir hér reynslu sína sem geðhjúkrunarfræðingur með framhaldsnám í sálgreiningu við Tavistock-stofnunina í London, en einnig þá reynslu sem hún hefur af störfum sínum í íslenski geðheilbrigðisþjónustu, þar á meðal við stofnun sem hún rekur ásamt fleira fagfólki, Miðstöð foreldra og barna. Í fyrri bókum hennar, svo sem *Hvað gengur fólki til* og *Árin sem enginn man*, sækir hún einnig efnivið í sama reynslubrunn.

Ég álit að efni þessarar bókar, um æviskeið ungbarnsins, sé eitt mikilvægasta málefni mannkynsins. Hvers virði eru háþrúð raunvísindi, líftækni, náttúrurannsóknir og tækniframfarir í tilveru okkar ef manneskan sjálf er tilfinningalega afskipt og vanvirt? Það er velferð og vellíðan hvers barns sem er undirstaðan fyrir góðu mannlífi. Hvort sem við hugsum til þess sem nú er vitað um afleiðingar vanrækslu og misbeitingar gagnvart börnum í hinu hraða og oft firrt allsnægtasamfélagi okkar á Vesturlöndum, eða hugsum

til hryllings í aðbúnaði barna í stríðshrjádum löndum, þá sjáum við svart á hvítu hvernig misgjörðir við ung börn eru vísasta leiðin til eyðileggingar í mannlegu lífi. Sem betur fer gildir líka hið andstæða sem einmitt er hér til umfjöllunar: Góður innri og ytri aðbúnaður ungra barna er ekki aðeins trygging fyrir vellíðan þeirra sjálfra sem einstaklinga heldur líka ávísun á hæfni til að lifa í friði, samfélags- og þjóðasátt. Þannig berst frumreynslan áfram gegnum kynslóðirnar, eins og norski félagsráðgjafinn Kari Killén orðar það í titli bókar sinnar (í íslenski þýðingu Tryggva Gíslasonar) um *Áhrif bernskunnar á líf kynslóðanna*.

Mannabörn eru berskjölduð fyrir ytri áhrifavöldum, óstöðugleika og róti sem oft ógna uppeldisskilyrðum þeirra og þroskaaðstæðum. Þetta kallar hærra en nokkru sinni fyrr á traustan innri kjarna og styðjandi umgjörð foreldra í lífi hvers barns. Það er í raun grunnboðskapurinn sem svo vel er miðlað í bók Sæunnar. Það sem heyrir til friðar fagfólks nú á tímum – meira en endranær – er samstaða með foreldrum, að vera málsvári þeirra og styðja þá í því að berjast fyrir réttinum til að geta ótruflað – og með stuðningi ef þarf – sinnt ungum börnum, að minnsta kosti fyrstu 1000 dagana og helst lengur. Hér er vísað til víðara samhengis, meðal annars 18 mánaða fæðingarorlofs, launajöfnuðar, styttri vinnutíma og réttar barnsins til beggja foreldra.

Mikill hluti skilnaða á sér stað áður en börnin verða 3ja ára– þ.e. jafnvel á *fyrstu 1000 dögum*. Í bókinni er fjallað um það álagsskeið sem fæðing barns er fyrir parið og þar er einnig þarfar kafla um foreldra sem ekki búa saman eða eru skilin.

Bókin *Fyrstu 1000 dagarnir* er með því fyrsta sem er ritað á íslensku máli um frumæviskeiðið á þann hátt sem hér er gert. Byggt er á fræðilegri þekkingu frá nýjustu rannsóknum á þroskaferli ungra barna, og spannar sá þekkingargrunnur vítt svið viðtekinna þroska- og tengslakenninga, líffræðilegra ungbarna-rannsókna og síðast en ekki síst: Grunnkenningar sálgreiningarfræða um forsendur og fallgryfjur heilbrigðs þroskaferlis og heilsteypra samskipta. Sæunn miðlar þessari þekkingu á lipran og látlausan hátt, bæði almennt í fræðslutexta og þegar hún talar beint við foreldrana. Fjöldi velvalinna dæma endurspeglar djúpan skilning á þörfum barna og um leið á mikilvægi foreldra og breyskleikum þeirra. Það má glögg sjá hvernig þessi dæmi eru sótt úr klínískum reynslubrunni, bæði úr meðferðarvinnu með fullorðnum á eigin stofu og með foreldrum og ungum börnum hjá Miðstöð foreldra og barna. Einhverjir kunna að sakna beinna vísana í heimildir jafnóðum, en það hefði þyngt textann og ef til vill



gert hann fráhrindandi fyrir almenna lesendur. Þetta er líka bætt upp með góðri heimildaskrá og afar gagnlegum ábendingum um einstakt myndbandsefni – sem gagnlegt er fyrir fagfólk að skoða og geta vísað foreldrum á.

Í bókinni er að finna umfjöllun um helstu umhugsunarefni ungra foreldra. Sérstaklega fannst mér fengur að köflunum um efnaskipti vellíðunar og hvernig foreldrar geta dregið úr streitu ungbarns, vanlíðan og óværi en stuðlað að jafnvægi þess og vellíðan með því að lesa í uppsprettu og einkenni viðbragðanna og þekkja leiðir til að höndla þau á heppilegan hátt. Kaflarnir um tilfinningar, um grát og um svefn eiga líka eftir að reynast mörgum foreldrum gott veganesti. Þeir veita ásamt fróðleikum um tengslamyndun dýrmætan skilning á því hvernig fyrstu samskiptin og fyrsta ástin – foreldris og barns – mynda grunninn að tengslamynstri einstaklingsins í öllum seinni samskiptum, ekki síst í parsamböndum.

Vissulega getur það verið yfirþyrmandi fyrir foreldra að átta sig á mikilvægi sínu, og skynja að þau hafa fjöregg barnsins í höndum sér. Það er þó trú mín, og reyndar þekkt úr ritum Eriks H. Eriksons, að flestum foreldrum sé þetta formeðvitað, eða allt að því meðfædd vitund, og þeim sé því edlislægt að vilja barninu allt það besta og finna til umhyggju og ábyrgðar. Þar af leiðandi sækjast líka flestir foreldrar bæði eftir þekkingu og ráðum – og nýta sér vel.

Það er gaman að hugsa til þess að einmitt frá Tavistock – þaðan sem Sæunn sótti framhaldsmenntun

sína – kemur líklega fyrsta fyrirmyndin að fræðslu til foreldra. Breski kenningasmiðurinn Donald W. Winnicott (1896–1971) er einn af frumkvöðlunum á því sviði. Menntun hans og starf sem barnalæknir ásamt þjálfun á grunni sálgreiningar færði honum samofinn efnivið í frekari kenninga- og hugtakasmíð um tilfinningaþroska barna í samspili við sína nánustu og nærumhverfi. Nokkur af þekktustu hugtökunum úr nándarkenningu hans (e. ORT, object relations theory) svífa yfir vötnum í bók Sæunnar. Winnicott lét sér ekki nægja að vinna með foreldrum á barnalæknamóttökunni, heldur beindi hann ötullega nýrri þekkingu, nálgun og aðferðum til fagfólks. Þetta hafði afgerandi áhrif á viðhorf í hópi lækna, félagsráðgjafa og hjúkrunarfræðinga sem drukku í sig boðskap hans. Hann hélt líka útvarpsfyrirlestra fyrir foreldra í BBC um miðja síðustu öld (1939–62) og þóttu þeir marka tímamót. Þar talaði hann beinlínis við foreldra, kenndi þeim, setti sig í þeirra spor og notaði dæmi sem hann vissi að foreldrar þekktu úr daglegu lífi. Einmitt þessi viðhorf og þessa nálgun má finna við lestur bókar Sæunnar. Hún er ekki aðeins skrifuð með skilningi á margvíslegum, flóknum tilfinningum og á aðstæðum foreldra og virðingu fyrir þeim, heldur einnig út frá trú á náttúrulega hæfni foreldra til að gera vel og ráða fram úr vanda – um leið og viðurkennd er þörf þeirra fyrir fræðslu ásamt nærgætinni og dýnamískri leiðsögn.

Sigrún Júlíusdóttir

Nýr doktor á sviði félagsráðgjafar

Guðbjörg Ottósdóttir varði doktorsritgerð sína við Mannvistarlandfræðideild Háskólans í Reading, Englandi, 10. júní 2015. Ritgerðin heitir „Everyday geographies of disability, care and forced migration in the South-East of England“. Leiðbeinendur voru Dr. Ruth Evans og Dr. Sally Lloyd-Evans. Andmælendur voru Dr. Steve Musson og Dr. Eleanor Kofman.

Guðbjörg lauk meistaragráðu í félagsfræði frá Western Michigan University 1991, BA prófi í félagsráðgjöf frá Carleton University 1998 og BA prófi í mannfræði og félagsfræði frá Ball State University 1987. Guðbjörg hefur lengst af starfað



Guðbjörg Ottósdóttir

sem félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg 1998 til 2000, 2002 til 2008 og 2010, hjá Islington Social Services í London 2001 til 2002 og Akraneskaupstað 2008 til 2009. Hún var stundakennari við Félagsráðgjafardeild HÍ 2008 til 2010 og aðjúnkt við sömu deild frá 2013 til 2015. Hún var stundakennari í Mannvistarlandfræðideild Háskólans í Reading á árinu 2012. Guðbjörg er lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Nýir sérfræðingar í félagsráðgjöf



Þann 2. október 2015 fékk Guðlaug M. Júlíusdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði heilbrigðisþjónustu. Guðlaug útskrifaðist frá Háskóla Íslands með BA-gráðu í félagsfræði árið 1999, starfsréttindi í félagsráðgjöf árið 2000 og MA gráðu í félagsráðgjöf árið 2013 frá sama skóla. Hún lýkur námi í fjölskyldumeðferð hjá EHÍ í vor. Guðlaug starfaði frá 2000-2002 í Rauða kross húsinu, neyðarathvarfi RKÍ fyrir börn og unglunga og hjá BUGL 2002-2015 bæði við klínísk störf og sem verkefnastjóri á BUGL og Barnspítala Hringins. Á því tímabili starfaði hún einnig með Íslenskri ættleiðingu og eitt skólaár í Setbergsskóla. Haustið 2015 opnaði Guðlaug eigin stofu, Fjölskyldumiðstöðina á Ísafirði, þar sem hún starfar klínískt með börnum og unglungum, veitir fjölskyldu- og parameðferð og stuðningsviðtöl fyrir full-orðna. Guðlaug var forsvarsmáður forvarnarverkefnisins Tæling á netinu og hefur haldið erindi um það, einnig um tölvufíkn og seiglu. Hún heldur erindi og kennir á námskeiðum um geðheilbrigði á Vestfjörðum, starfar með grunn- og framhaldsskólum á Vestfjarðarsvæðinu og hefur komið að hópeflingu fyrir árganga, sjálfsstyrkingu fyrir nemendur og ráðgjöf fyrir kennara varðandi erfiða nemendur. Guðlaug er ein af þremur þýðendum SRS og ORS matslista Scotts Millers um árangur á meðferð. Guðlaug hefur setið í stjórn FÍ frá árinu 2013.



Þann 14. júlí 2015 fékk Sigrún Þórarinsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu. Sigrún lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands 1994. Hún lauk meistaraþrófi í félagsráðgjöf í öldrunarfræði frá Háskóla Íslands í september 2009. Sigrún starfar við öldrunarmál hjá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.



Þann 21. janúar 2016 fékk Margrét Sigrún Jónsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu. Margrét lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda haustið 1991 frá Háskóla Íslands og norrænu meistaranámi í öldrunarfræðum í október 2015. Hún hefur starfað sem félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg á sviði félagsþjónustu frá árinu 1991 og frá árinu 2000 unnið að málefnum eldri borgara.



Þann 29. júní 2015 fékk Ella Kristín Karlsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu. Ella Kristín lauk starfsréttindanámi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands vorið 1994. Hún lauk meistaraþrófi í félagsráðgjöf við sama skóla 2008. Árið 2000 lauk hún þriggja anna námi í faghandleiðslu og handleiðslutækni frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og 2009 diplómaprófi í stjórnsýslufræðum frá Háskóla Íslands. Ella Kristín var formaður Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa, árin 2000-2006 og í kjaranefnd félagsins til 2012. Hún hefur verið formaður í Handís, félagi íslenskra handleiðara frá 2012. Frá því að Ella Kristín útskrifaðist hefur hún starfað við félagsþjónustu hjá Reykjavíkurborg. Hún starfar nú sem deildarstjóri á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts.



Þann 29. febrúar 2016 fékk Eydís Dóra Sverrisdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu. Eydís lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands árið 1998 og meistaranámi í félagsráðgjöf, MSW, árið 2001 frá State University of New York í Albany. Árið 2004 lauk hún kennsluréttindanámi frá Háskóla Íslands. Frá því að Eydís lauk námi hefur hún lengst af starfað sem félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg. Frá árinu 2006 hefur hún starfað við einstaklings- og fjölskylduráðgjöf á Þjónustumiðstöð Breiðholts.